

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun vistgerða 2022 – Leiruvogur – sjávarfitjungsvist

Leiruvogur liggur á mörkum Mosfellsbæjar og Reykjavíkur og einkennist af fjölbreyttum vistgerðum svo sem sjávarfitjum, leirum, þangförum og sandfjörum. Svæðið hefur sérstakt gróðurfar, er auðugt af sjávarhryggleysingjum í leirusetinu og er mikilvægt fuglasvæði þar sem stórir hópar fugla dvelja allan ársins hring. Svæðið er innan friðlandsins Varmárósa sem var friðlýst árið 1980 en svæðið allt er á skrá yfir alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er svæði nr. 131 á náttúruminjaskrá. Votlendi, leirur og fitjar njóta jafnframt sérstakar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Varmárósar eru annar af tveimur fundarstöðum fitjasefs (*Juncus gerardii*) á Íslandi og er fitjasefið flokkað sem tegund í nokkurri hættu (VU) á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í sumar var friðlandið stækkað úr 0,29 km² yfir í 5,26 km² þegar Blikastaðakró-Leiruvogur var friðlýst á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september 2022.

Markmið verkefnisins var að meta þéttleika og útbreiðslu fitjasefs á svæðinu og endurtaka gróðurmælingar Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) frá 2013 á fyrirbyggjandi sniðum. Heiti sniðanna eru RN-65-01 og RN-65-02X og vistgerð sniðanna er sjávarfitjungsvist sem einkennist af sjávarfitjungu (*Puccinellia coarctata*), kattartungu (*Plantago maritima*), og túnvingli (*Festuca rubra*).

Framkvæmd

Leiruvogur var heimsóttur þann 15. ágúst 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gróðurmælingar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum NÍ um vöktun vistgerða. Fyrsta verk var að afmarka sniðin tvö út frá settum GPS hnítum með hælum, sem skildir voru eftir. Þegar staðsetning og lega sniðanna var tilbúin var notast við staðsetningu smáreita frá gróðurúttektinni árið 2013. Árið 2013 voru átta smáreitarhnit, en í ár átti einungis að nota sex þeirra (sleppt hnítum nr. 2 og 7). Einnig voru tekin jarðvegssýni á hverju sniði og send til NÍ til frekari greiningar. Jarðvegisdýpt var þar að auki mæld við alla smáreiti. Yfirlitsmyndir voru teknar af hverju sniði auk þess sem ljósmyndir voru teknar af jarðvegssýnum og smáreitum. Fjöldi og þekja æðplöntutegunda var metin í hverjum smáreit og skráð skv. Braun-Blanquet kvarða en einnig var skráð niður heildarþekja, gróðurhæð, jarðvegsraki, jarðvegsgerð og lega hvers reits, ásamt vistgerð og gróðurfélagi hvers sniðs. Til að framkvæma þessar mælingar voru ýmis tól notuð; hælur, naglar, 33x100 cm rammi, GPS tæki, málband, tommustokkur, myndavél (sími), bréfpokar, plastpokar, lúpa, jarðvegsbor, dýptarmælir, tveggja metra mælistika, hnífur og sleggja. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar var notuð til tegundagreiningar. Sýni voru tekin af grösom sem erfitt reyndist að greina í folti og voru þau fullgreind síðar. Til að meta útbreiðslu og þéttleika fitjasefsins var notast við FieldMaps forritið.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar í gagnagrunn NÍ og vista allar ljósmyndir í ljósmyndaforritinu FotoWare. Náttúrufræðistofnun Íslands sér um ítarlegri greiningu gagnanna en hér eru helstu niðurstöður sem Náttúrustofan gerir grein fyrir:

Úttektarsvæðið í Varmárósum hefur greinilega tekið breytingum varðandi vatnsmiðlun á þessum 9 árum (1.mynd). Í dag er svæðið yfir sniði RN-65-01 forblautt mýrlendi, á meðan það var deigt og gróðurmikið árið 2013. Jarðvegsraka á þessum tveimur sniðum var lýst sem 'Flóa' (RN-65-01) og 'Mýri' (RN-65-02X), á meðan árið 2013 voru þau merkt 'Mýri' og 'Deiglendi'. Af þessum sökum reyndist ekki möguleiki á að taka jarðvegssýni á sniði RN-65-01 þar sem jarðvegurinn sökk strax aftur niður þegar jarðvegsborinn var tekinn upp úr jörðinni. Erfitt er að útskýra þennan mun með fyrirbyggjandi gögnum. Úttektin fór fram á fjöru, en sumarið var vætusamt sem gæti hafa haft áhrif á hversu blautt svæðið var.

Litlar breytingar voru á tegundasamsetningu sniðanna milli mælingaára og í bæði skiptin voru plöntur til staðar sem einkenna sjávarfitjungsvist.



1.mynd: Yfirlistmyndir af sniði RN-65-01 frá árunum 2013 (vinstri) og 2022 (hægri).

Eins og áður kom fram þá eru Varmárósar einn af aðeins tveimur fundarstöðum fitjasefs á Íslandi og markmiðið okkar var að kanna útbreiðslu tegundarinnar á svæðinu. Fitjasefið fannst að mestu á einum bletti í voginum (sjá mynd 2) sem samtals náði yfir tæplega 1.100 m² svæði. Þar var þéttleiki tegundarinnar mestur en við fundum einnig nokkrar fitjasefsplöntur í sniði RN-65-2X sem var töluvert lengra frá (ca 160 metrar) sem gefur til kynna að plantan gæti verið dreifðari um svæðið.



2.mynd: Kort af útbreiðslusvæði fitjasefs í Varmárósum árið 2022, tekið af FieldMaps. Fláinn sýnir aðalútbreiðslusvæði fitjasefs en bleiku punktarnir hægra megin við hann sýna svæði sem fitjasef fannst einnig á.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Vöktun vistgerða í Leiruvogi fór síðast fram árið 2013 og eins og áður kom fram þá hefur vatnsmiðlun svæðisins tekið miklum breytingum. Því væri ef til vill ráðlagt að stytta tímann sem líður á milli úttekta og halda áfram að fylgjast með hvort að vatnsmagnið á svæðinu breytist og hvort að það hafi áhrif á gróðurinn.

Þar að auki væri góðs viti að halda áfram að reglulega fylgjast með framgangi fitjasefsins í Leiruvogi og kanna hvort að útbreiðslan sé í raun að aukast.